

## Skipulagsráð Akureyrarbæjar

Bt. Nefndarmenn.

Akureyri, 25. mars 2019

### Málefni; Miðhúsavegur 4 – lóðarstækkun.

Undirritaður, framkvæmdastjóri fyrirtækisins Verkvals ehf á Akureyri, harmar þá ákvörðun Skipulagsráðs á síðasta fundi ráðsins, að hafna umsókn fyrirtækisins um lóðarstækkun lóðarinnar Miðhúsavegur 4.

Umrædd lóð hefur verið aðsetur fyrirtækisins í yfir 20 ár og á því tímabili hafa ekki verið nein vandamál varðandi umgegni eða starfsemi fyrirtækisins á lóðinni. Þessi staðsetning hentar fyrirtækinu mjög vel og á seinustu árum hefur verið ráðist í endurbætur á núverandi húsnæði fyrirtækisins. Einnig má benda á að umrædd lóð og hugsanleg lóðarstækkun er öll ofan við lóð Vegagerðar Ríkisins og er þetta athafnarsvæði varla sýnlegt frá íbúðabyggðinni. Sjá meðfylgjandi mynd.

Nú er svo komið að núverandi húsnæði nægir engan vegin til að rúma núverandi tækjakost fyrirtækisins, en hreinsibílar verða að geymast í upphituhu húsnæði yfir veturinn. Fyrirtækið hefur leitað að hentugu húsnæði hér á Akureyri með nægilegu plássi og stórar innkeyrsludyr, en slíkt húsnæði finnst ekki. Það er mjög brýnt fyrir fyrirtækið að geta ráðist í framkvæmdir sem fyrst þannig að húsnæðið verði tilbúið fyrir næsta vetur, til að verða ekki fyrir frekari skemmdum á búnaði eins og raunin varð síðastliðin vetur. Einnig verður svæðið enn snyrtilegra á að líta þannig, en jafnframt er það óumhverfisvænt og slæmur rekstur að fara ekki vel með hlutina og þurfa því að endurnýja þá tíðara. Því er ekki um aukið umfang rekstrarins að ræða heldur einunigs að fara vel með hluti, umhverfið og náttúruna.

Við nánari skoðun á aðstæðum getum við látið okkur nægja 15m breikkun á lóð með byggingarreit annað hvort við enda á núverandi húsnæði eða á austurhluta lóðarinnar. Sjá meðfylgjandi mynd.

Undirritaður óskar eftir að Skipulagsráð taki til endurskoðunar fyrri ákvörðun og heimili umrædda lóðarstækkun og byggingu á nýju húsnæði.

Jafnframt er ráðið velkomið í vettvangsheimsókn til okkar.


Virðingarfyllt

Jón Björnsson

Framkvæmdastjóri



**Loftmynd athafnasvæðis.**



**Skýringarmynd vegna lóðarstækkunar**